

Farkostur ehf.  
Yngvi Óttarsson  
Borgarbraut 14  
310 BORGARNES

Garðabær, 16. maí 2023  
Málsnúmer: 202305-0021  
OKV/LA

## Efni: Umsögn vegna skógrækt í Sanddal í landi Sveinatungu

Vísað er í tölvubréf frá Farkosti ehf. dags. 8. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skógrækt í landi Sveinatungu, Borgarbyggð.

Fyrirhugað skógræktarsvæði er 186 ha fremst í Sanddal í landi Sveinatungu í Norðurárdal, í um 80-290 m hæð yfir sjávarmáli. Áætlað er að planta 280.000 trjám í 159 ha lands. Svæðið nær inn Sanddal austanverðan að landamerkjum milli Sveinatungu og Geststaða við Stekkjargil.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fyrirhugað skógræktarsvæði sem er að mestu leyti í allvel grónu, hallandi landi sem einkennist af mósaík votlendis, mólendis og moslendis. Birkikjarr er í hlíðarrótum sem er að spretta upp af náttúrulegum orsökum. Það er því varla rétt lýsing sem fylgir kortinu að um skóglaut land sé að ræða sem að mestu leyti er mosapamba.

Gert er ráð fyrir að planta í nær allan skógarreitinn óháð því hvort um votlendi sé að ræða. Þá er ráðgert að nota framandi trjategundir í skógræktina sem sýna merki þess að vera ágengar hér á landi.

Náttúrulegur birkiskógur er að spretta upp beggja vegna Sandár en verndargildi vistgerða birkiskóga er hátt metið. Þá er verndargildi starungsmýravistar, sem einnig er í talsverðu mæli á svæðinu, mjög hátt metið. Æskilegt væri að hlífa votlendi við útplöntun og jafnframt þyrfti að koma í veg fyrir að framandi, ágengar tegundir dreifi sér úr skógræktarreitnum.

Ræktun barrskóga fylgir óvissa varðandi langtímaáhrif á jarðvegseiginleika þar sem sá möguleiki er fyrir hendi að eiginleikar eldfjallajarðar, sem að jafnaði hefur mikla getu til að binda kolefni, raskist með tilkomu barrskógar. Jafnframt má spyrja hvort að timburframleiðsla stuðli almennt að kolefnisbindingu í vistkerfinu sem framleiðslan fer fram á. Framkvæmdum á borð við veglagningu og plægingu í hallandi landi getur á hinn bóginn fylgt jarðvegsrof og losun kolefnis úr jarðvegi.

Þeir skógarvegir sem fyrirhugað er að leggja munu fara um lítt raskað land, þ.m.t. votlendi, fara ofarlega um hlíðar Sveinatungumúla og vera vel sýnilegir. Þá mun skógræktarsvæðið breyta ásýnd svæðisins.

Það er álit Náttúrufræðistofnunar að fyrirhuguð skógrækt í landi Sveinatungu muni hafa veruleg áhrif á núverandi náttúrufar svæðisins.



Virðingarfyllst,

*Lovísa Ásbjörnsdóttir*

Lovísa Ásbjörnsdóttir jarðfræðingur  
á sviði Náttúruverndar

